

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1991

13. nóvember 1991

1021

Nr. 523

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á Flákanum.

1. gr.

Frá og með 15. nóvember 1991 til og með 31. mars 1992 eru allar línu-, tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði á Breiðafirði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°14'N – 24°39'V
2. 65°07'N – 24°13'V
3. 65°11'N – 23°48'V
4. 65°19'N – 24°03'V
5. 65°25'N – 24°30'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1991.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

4. nóvember 1991

Nr. 524

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að setja biðskyldu á Selmúla við Síðumúla.

Ákvörðun þessi tekur gildi 4. desember 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. nóvember 1991.

Böðvar Bragason.

B 73

Prentsmíðjan Gutenberg hf.